

Reykjavíkurborg
Ólafur Bjarnason
Skúlatúni 2
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. júní 2013
Tilvísun: UST20130500129/mik

Efni: Umsögn vegna framkvæmda við Úlfarsá.


Umhverfisstofnun hefur borist beiðni um umsögn frá Guðmundi B. Friðrikssyni fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Úlfarsár dagsett 15. maí 2013 vegna framkvæmda við Úlfarsá.


Umrætt svæði er á mörkum sveitarfélagana Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 metra breiðum bakka beggja megin árinna er á náttúruminjaskrá. Óska skal umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Lýsing á framkvæmd: Veiðifélag Úlfarsár hyggst fleyga úr klöpp í árfarvegi Úlfarsár til að auðvelda uppgöngu laxa í ánni. Neðarlega í ánni dreifir áinn úr sér og rennur yfir klappir. Vegna þessa verður hún of grunn fyrir laxinn til uppgöngu og safnast hann saman undir fossi neðan við klappirnar. Undanfarin ár hefur rennsli árinna verið stýrt með sandpokum til að auðvelda fisknum uppgöngu. Með því að fleyga úr klöppinni myndi skapast náttúrulegur laxastigi. Við framkvæmdina verður notast við meðalstóra beltagröfu með fleyg.

Það er mat Umhverfisstofnunar að umrædd framkvæmd muni ekki spilla minjum á náttúruminjaskrá. Svæðið sem brjóta á úr klöppinni er neðarlega í ánni og botngerðin fyrir neðan framkvæmdarsvæðið er klöpp og því lítil hætta á að vistkerfið neðan við klöppina verði fyrir neikvæðum áhrifum til lengri tíma lítið. Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á það raski við framkvæmdina verði haldið í lágmarki og þess gætt að trufla ekki dýralíf á svæðinu og að samráð verði haft við Veiðimálastofnun vegna framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur